

064/00 - Seley SU-210

Seley SU-210, tekur niðrí í innsiglingunni til Grindavíkur

Seley SU-210

Skipaskr.nr.: 1556

Smíðaður: á Akranesi 1980 úr stáli

Stærð: 404,48 brl; 594,00 bt

Lengd: 46,68 m **Breidd:** 9,00 m **Dýpt:** 6,40 m

Vél: Wichmann 1.499,00 kW **Árgerð:** 1980

Annað:

Földi skipverja: 14



Seley ©Olgeir Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 14. febrúar 2000 um kl:05:30 var m.b. Seley SU-210 að koma inn í Grindavíkur til löndunar með u.þ.b. 730 lestir af loðnu, sem er full lestun á skipinu. Veður: Allhvöss SA átt, talsverður sjór og snjómmugga.

Þegar komið var inn í innsiglingarennuna missti skipstjóri stjórn á skipinu með þeim afleiðingum að það tók niðri rétt áður en komið var inn í höfnina. Skipið rakst utan í kant en festist ekki og komst af eigin rammleik að bryggju. Við skoðun á skipinu kom í ljós að skemmdir höfðu orðið á stjórnborðs andveltukili og einhverjar dældir komu á botninn.

Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjóra hafði spáð illa og því ekki um annað að gera en drífa sig inn;
- að sögn skipstjóra var stjórn hæfni skipsins afar léleg við þessar aðstæður;
- að skipið lá mikið fram vegna lestunnar;
- að stýri hafði of lítið skráfuvatn;
- að veður og sjór hefði verið stjórnun skipsins óhagstæð;

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök þess að skipið tók niðri hafi verið vanmat skipstjóra á aðstæðum og stjórneiginleikum skipsins.